




Sýning Asgerðar Búadóttur í Listasafni alþýðu — staðfestir órækt að Asgerður er í röð fremstu listamanna okkar, segir Halldór Björn m.a. í umsógn sinni.

Frjálsleg yfirlits-sýning Asgerðar

Ferill Asgerðar Búadóttur er bæði langur og glæsilegur. Allt frá því hún tók þátt í 8. Alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München árið 1956, þar sem hún hlaut gullverðlaun fyrir verk sín, þar til hún var valin til að skreyta fundarsal Norræna menningarmálasjóðsins í Kaupmannahöfn, með vefmynd síðsumars 1979, hefur orðstír hennar vaxið bæði heima og erlendis.



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

Nústandur yfir sýning á verkum Asgerðar í Listasafni alþýðu við Grensásveg og er það frjálsleg yfirlitssýning. Eg segi „frjálsleg“, þar sem ekki er um afgerandi heildarsafn á verkum listakonunnar að ræða, heldur val sýnishorna úr ferli hennar.

Ekki neita ég því að ég saknadi fyrstu og elstu verkanna og fannst þau vanta tilfinnanlega, sem lykil að síðari þróun. En ég virði sjónarmið Asgerðar, sem sagði mér að hún hefði síður viljað farna heilsteypu svipmóti sýningarinnar og til þess að varðveita það hefði þurft að sleppa m.a. hinu stutta hlutbundna (figurativa) skeiði, upphafi listferils hennar sem vefara.

Ög vissulega tekst að halda sýningunni mjög hreinni og klárri. Segja má að þar hangi hver vefmynd fyrir heildina. Aðalatriðum í þróun listakonunnar, eru gerð verðug skil, um leið og fulls samræmis er gætt milli hinna 38 myndverka sem fylla listasafnið.

Varla þarf að lýsa hverju einstöku verki Asgerðar fyrir mönnum svo vel þekkja þeir stilbrögð hennar. Þó er vert að geta þess, að hvorki meira né minna en fimm myndir, eru frá þessu ári. Þá er einnig spurning, hvort yngri kynslóðir þekki til elstu myndanna. Margar þeirra hafði ég aldrei augum barið, ekki einu sinni ljósmyndir af þeim.

Strax og maður hefur áttað sig á því, að myndir eru númeraðar eftir aldri, er auðvelt að rekja þróun Asgerðar. Hinar sléttu og þéttfönu vefmyndir gerðar á árinu 1957, sýna hvernig listakonan fjarlægist hlutveruleikann, með því að stílfæra náttúrumótiv, trjálaufið. Litaval og skýr uppbygging, bera vott um snemmbært, listrænt öryggi og styrk. Asgerður sýndi mikla teiknihæfileika, strax á námsárunum í Handiða- og myndlistarskólunum og formfesta sú og rökvisi í myndbyggingu, sem opinberast í öllum verkum hennar, mun snemma hafa komið í ljós.

Verkin frá byrjun 7. áratugar-

ins, eru orðin óhlutbundin, en um leið er Asgerður tekin til við að auka efniskennend vefmynda sinna og gefur nú bandinu aukinn þunga. Hin harða geometría mildast og verður ljóðrænni, spurningin um ljósmagn og birtu verður áleitin. „Glóð“ (4) og „Skammdegi“ (5) eru dæmi um það, hvernig náttúran heldur áfram að spila sína rullu í myndum Asgerðar. En nú er hún ekki stílfærð, líkt og í lauf-

unum, heldur er henni veitt inn í verkin sem stemmningarríkur ljósgjafi.

Þó má sjá hvernig Asgerður samræmir þetta tvennt, stílfæringuna og efnisáhersluna, þannig að eins konar synþesa myndast. „Venus“ (13) og „Stillur“ (14) gefa ótvírætt til kynna, hvað í vændum er. Í „Maí“ (15) frá 1967, er listakonan farin að nota hrosshár, sem einkenna síðan flest verk hennar. Með því, nær Asgerður að vinna undirflötinn á formfastan og skýran hátt, um leið og birtan leikur við hrosshárin og mildar hina ströngu uppbyggingu.

Þessi nýja aðferð skerpið síðan og dafnar á 8. áratugnum. Verk Asgerðar verða um leið, stórbrónari (monumental) en áður. Hvert stórverkið rekur annað og eru eftirminnanlegar þær myndir, þar sem Asgerður notar indigo- og krapplitaða ull, sem fléttuð er saman úr mismunandi littonum og auka í senn, blæbrigði litanna og gera grunnflötinn ríkari og fyllri. Hér er erfitt að gera upp á milli mynda. Myndir eins og „Bergmál“ (18), „Náttkemba“ (19), „Vindblær“ (21), „Skarðatungl“ (23) og „Kröfluminni“ (26), eru fullproskuð verk eftir langa leit. Í þeim speglast innsei og dýpt sú, sem er ávöxtur þeirrar elju og alúðar sem Asgerður sýnir vinnu sinni.

Síðastliðin þrjú ár, hefur Asgerður svo fullkomnað þennan stíl og bætt við öðrum, líkt og fram kemur í „Skjaldarmerki“ (29) þar sem frægasta útflutningsvara Íslendinga, hinn eini og sanni „bacalao“ (saltfiskur) er myndbreyttur í skjöld. Svipadrar náttúru er hið elegíska (tregafulla) stórverk, „Sjó lífsfletir“ (31), sem sýnt var á sýningu FIM fyrir ári.

Hér hefur verið reynt að gera yfirlitssýningu Asgerðar Búadóttur, einhver skil. En sjón er sögu ríkari. Aðbúnaður allur og uppsetning sýningar, er til fyrirmyndar, eins og reyndar sjálf sýningin. Hún staðfestir órækt, að Asgerður er í röð fremstu listamanna okkar.

LAUGARASÍÐI

Símisvari sími 32075.

Life of Brian

Ný mjög fjörug og skemmtileg mynd sem gerist í Judea á sama tíma og Jesús Kristur fæddist.

Mynd þessi hefur hlotið mikla aðsókn þar sem sýningar hafa verið leyfðar. Myndin er tekin og sýnd í Dolby Stereo. Leikstjóri: Terry Jones.

Ísl. Texti. Aðalhlutverk: Monty Pythons gengið Graham Chapman, John Cleese, Terry Gillian og Eric Idle. Hækkað verð.

Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.



California Suite



Bráðskemmtileg amerísk kvikmynd með úrvalseikunum Jane Fonda, Alan Alda, Michael Caine, Maggie Smith, Walter Matthau o.fl. Endursýnd kl. 9 og 11.

Bláa lónið

Sýnd kl. 5 og 7 Laugardag og sunnudag sýnd kl. 3, 5 og 7.



LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

sími 16620

Jói

föstudag uppselt laugardag uppselt miðvikudag kl. 20.30

Ofvitinn

sunnudag kl. 20.30 fáar sýningar eftir Miðasala í Iðná kl. 14-20.30 Sími 16620

Revían Skornir Skammtar

Midnætursýning

Austurbæjarblói LAUGARDAG KL. 23.30

Miðasala í Austurbæjarblói Kl. 16-21. Sími 11384



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Peking-óperan

gestaleikur í kvöld kl. 20 laugardag kl. 20 sunnudag kl. 15 þriðjudag kl. 20 Síðasta sinn.

Dans á rósum

4. sýning sunnudag kl. 20

Hótel

Paradís

miðvikudag kl. 20

Litla sviðið:

Astarsaga aldarinnar

sunnudag kl. 20.30.

Miðasala 13.15 — 20. Sími 1-1200.

LAUGARASÍÐI

Símisvari sími 32075.

Föstudagur, 23. okt.

Superman 2

Sýnd kl. 5 og 7,30 Hækkað verð

Byltingarforinginn



Hörkuspennandi mynd frá Paramount. Aðalhlutverk: Yul Brynner, Robert Mitchum, Grazia Buccella Charles Bronson.

Endursýnd kl. 10 Bönnuð innan 14 ára

Laugardagur 24. okt. og sunnudagur 25. okt.

Superman 2

Sýnd kl. 2,30, 5 og 7,30

Byltingarforinginn

sýnd kl. 10

Mánudagsmyndin 26. okt.



Siðasta kvöldmáltíðin

(Den sidste nadver) Snilldarleg og áhrifamikil Kúbönsk mynd leikstýrð af Tómas Guðrerez Alea. Esktra Bladet +++++

B.T.+++++ Sýnd kl. 5, 7 og 9 fyrri sýningardagur

AUSTURBÆJARBLÓI


Sími 1-13-84

Eg elska flóðhesta

Spennandi og sprenglægleg kvikmynd í litum, með hinum vinsælu TRINITY bræðrum. Íslenskur texti Bönnuð börnum innan 12 ára Endursýnd kl. 5, 7, 9 og 11



9 til 5



Létt og fjörug gamanmynd um þrjár konur er dreymir um að jafna ærlega um yfirmann sinn, sem er ekki alveg á sömu skodun og þær er varðar jafnrétti á skrifstofunni. Mynd fyrir alla fjölskylduna. Hækkað verð. Aðalhlutverk: Jane Fonda, Lily Tomlin og Dolly Parton. Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.

REGNBOGINN

Sími 19 000

Salur A

Skatetown



Eldfjörug og skemmtileg ný bandarísk músik- og gamanmynd, — hjólaskautadisco í fullu fjöri með SCOTT BAID — DAVE MASON — FLIP WILSON o.m.fl. Íslenskur texti Sýnd kl. 3 - 5 - 7 - 9 og 11

Salur B

Cannonball Run

BURT REYNOLDS ROGER MOORE FARRAH FAWCETT DOM DELUISE



Frábær gamanmynd, eldfjörug frá byrjun til enda. Viða frumsýnd núna við metaðsókn. Leikstjóri: Hal Needham Íslenskur texti. Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

Hækkað verð

Salur C

Spánska flugan



Spanish Fly

Fjörug ensk gamanmynd, tekin í sólinni á Spáni, með Leslie Phillips — Terry Thomas. Íslenskur texti Endursýnd kl. 3.10 - 5.10 - 7.10 - 9.10 og 11.10.

Salur D

Kynlífskönnuðurinn

Skemmtileg og djörf ensk litmynd, með Monika Ringwald — Andrew Grant. Bönnuð börnum — Íslenskur texti Endursýnd kl. 3.15-5.15 - 7.15 - 9.15 - 11.15